

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

5. grein reglugerðarinnar orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 100 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af gjaldeyrisleyfum fyrir ferðakostnaði skal leyfisgjaldið þó vera 1.75%. Af leyfum fyrir bensini og brennslu-olíum, sem falla undir tollskrárn. 27.10.19, 27.10.60 og 27.10.70 skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0.1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Ekki skal innheimta gjald af leyfum fyrir námskostnaði. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsál gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabanka. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30, 25. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sbr. 6. gr. laga nr. 77 31. desember 1977 um skyldu- sparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum og öðlast gildi 1. janúar 1978.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 460.

15. desember 1977.

VIÐAUKI

við byggingarsamþykkt Hálshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sumarbústaður, skv. samþykkt þessari, er hús, sem aðeins er ætlað til dvalar að sumri til, en á öðrum árstímum aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem hreppsnefnd, jarðanefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.

Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallist á tillögur skv. 1. mgr. skal hún svo fljótt sem verða má, tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi fram land undir vegi og sam-
eiginleg útvistar svæði allt að $\frac{1}{3}$ af heildarflatarmáli þeirra sumarbústaðalanda, er samþykkt hennar nær til, sbr. 30. gr. í lögum nr. 19/1964.